

Afmæli

DV

Helga Björnsdóttir



Helga Björnsdóttir.

Borgarhöfn var Guðrún Ingvarsdóttir frá Skarði í Landsveit, systir Kristínar, ömmu Kristínar, ömmu Gunnars Thoroddsens forsætisráðherra.

Móðir Jóhönnu var Björg Björnsdóttir, b. í Borgarhöfn, Jónssonar, b. þar Björnssonar. Móðir Björns í Borgarhöfn var Björg Steinsdóttir af Kálfafellsætt, systir Þórðar, langafa meistara Þórbergs.

Helga tekur á móti gestum á heimili sínu í dag.

Helga Björnsdóttir húsmóðir, Brunnavöllum í Suðursveit, er nýræð í dag.

Starfsferill

Helga fæddist að Brunnum og hefur átt þar heima og síðan á Brunnavöllum alla ævi. Hún lauk barnaskólanámi í farskóla sveitarinnar og prófi frá Ljósmeðraskóla Íslands 1929.

Helga stundaði ljósmeðrastörf frá 1929-70 en síðast tók hún á móti barni 1974. Auk þess sinnti hún oft sjúklingum í heimahúsum.

Helga var heiðruð af sveitungum sínum á fimmtugsafmælinu og aftur er hún varð sjötug. Hún er heilsugóð og mjög ern og sinnir enn heimilistörfum af fullum krafti.

Fjölskylda

Helga giftist 14.6. 1943 Sigfúsi Jónssyni, f. 9.1. 1904, d. 19.1. 1970.

Foreldrar hans voru Jón Sigfússon, b. að Snjóholti í Eiðabíngi, og Þorgerður Einarsdóttir húsfreyja.

Börn Helgu og Sigfúsar eru Björn, f. 2.10. 1943, vörubílstjóri á Brunnavöllum, í sambýli með Kristbjörgu Eiríksdóttur en sonur Björns og Sigríðar Magnúsdóttur frá Svínafelli er Ásgeir, búsettur á Höfn; Sigríður Jóhanna, f. 30.1. 1945, deildarstjóri við tannlæknadeild HÍ; Jón, f. 22.5. 1946, b. á Brunnavöllum, í sambýli með Lindu Maríu Fredriksen og eru börn þeirra Helga, Sigfús og Emil en dóttir Lindu er Inga Helga Baldursdóttir.

Systkini Helgu: Björg Björnsdóttir, f. 13.11. 1896, d. 18.1. 1983; Sigríður Björnsdóttir, f. 11.8. 1898, d. 25.8. 1946, húsfreyja í Hestgerði; Jóhann Klemens Björnsson, f. 29.8. 1900, b. á Brunnum; Jóhanna Dagmar Björnsdóttir, f. 25.11. 1906, saumakona í Reykjavík.

Foreldrar Helgu voru Björn Klemensson, f. 27.11. 1869, d. 19.11. 1911, oddviti að Brunnum, og k.h., Jóhanna Jóhannsdóttir, f. 23.11. 1863, d. 14.4. 1955, húsfreyja.

Ætt

Föðurbróðir Helgu var Klemens, faðir Sigtryggs ráðuneyttisjóra. Björn var sonur Klemensar, b. á Geirbjarnarstöðum, Jónssonar, b. á Gnýstöðum á Vatnsnesi, Ólafssonar, bróður Sigurðar, langafa Jakobs skipstjóra, föður Jakobs fiskifræðings. Móðir Klemensar var Una Jónsdóttir, b. á Illugastöðum, Gíslasonar. Móðir Unu var Ingvaldur frá Holti í Svindal, systir Þóru, móður Helga í Gröf, föður Þorbjargar, móður Guðmundar Björnssonar landlæknis. Þá var Helgi afi Jósefinu, móður Sigurðar Nordals og Jóns Eyþórssonar veðurfræðings. Ingvaldur var dóttir Sigurðar Jónssonar, af Eiðsstaðætt.


Móðir Björns var Sigríður Pétursdóttir, í Brúnagerði, bróður Guðrúnar, langömmu Árna, alþm. frá Múla, föður Jóns Múla og Jónasar rithöfundar. Önnur systir Péturs var Guðrún, amma Kristbjargar, ömmu Bjarna Benediktssonar forsætisráðherra. Móðir Sigríðar var Halldóra Pálsdóttir frá Brúnagerði, systir Sigurbjargar, ömmu Jónasar frá Hriflu.

Jóhanna var dóttir Jóhanns, b. í Borgarhöfn, bróður Torfa, föður Magnúsar sjúslumanns og Richards, afa Þórs þjóðminjavarðar. Annar bróðir Jóhanns var Guðni í forsæti, afi Brynjólfs Bjarnasonar, heimspækings og ráðherra, og langafi Ingibjargar, móður Davíðs forsætisráðherra. Jóhann var sonur Magnúsar, prests í Eyvindarhólum, bróður Guðrúnar, móður Torfhildar Hólm skáldkonu. Móðir Jóhanns í

Menning

Endurskoðun íslenskrar abstraktlistar á Kjarvalsstöðum

Abstraktlistin kom fyrst fram hér á landi í verkum Finns Jónssonar á þriðja áratug aldarinnar, en landinn var þá ekki enn reiðubúinn að meðtaka svo hraða þróun í innlendri list, enda var þá varla hægt að tala um að menntaðir íslenskir listamenn hefðu starfað nema í um áratug. Það var ekki fyrr en með Svavari Guðnasyni um miðjan fimmta áratuginn og síðan septembersýningunum í lok þess áratugar og í upphafi þess sjötta að hægt er að tala um að til sé íslensk abstraktlist. Fagurfræðilegar forsendur abstraktlistarinnar tóku svo algerum stakkaskiptum með tilkomu hugmyndalistar og naumhyggju á sjöunda áratugnum. Naumhyggjan gerði þó í reynd ekki strandhögg hér á landi fyrr en fyrir tæpum áratug. Segja má að Kristján Guðmundsson hafi öðrum fremur tengt hugmyndalistina myndmáli naumhyggjunnar og er hann elstur fjórtaán listamanna sem Kjarvalsstaðir hafa nú boðið að sýna undir merkjum abstraktlistar í endurskoðun.



Portrait eftir Daniel P. Magnússon.

Myndlist

Ólafur J. Engilbertsson

Tvenns konar forsendur

Gunnar B. Kvaran ritar ítarlega um sögu og forsendur alþjóðlegrar sem innlendirar abstraktlistar í sýningarskrá. Hann kemst að þeirri niðurstöðu að með nokkurri einföldun megi skipta sýningum í tvennt; annars vegar þá sem „vinna upprunalega út frá formrænum forsendum og takast á við efni, lit og formgerð“, og hins vegar þá sem „ganga út frá skýrum, hugmyndafræðilegum eða tákfræðilegum forsendum þar sem myndmálið hefur vísanir handan við myndflötinn“. Í fyrrnefnda hópnunum eru meðal annarra Svava Björnsdóttir, sem hefur þróað pappírsverk frá lífrænum formum yfir í geómetrísk form sem hafa engar beinar skírskotningar til hlutveruleikans. Erla Þórarinsdóttir er að mati Gunnars einnig dæmi um slíkan listamann sem ekki vinnur út frá skýrum hugmyndafræðilegum forsendum. Nafngift þeirra verka sem hún sýnir að þessu sinni kemur þó að mínu mati ekki alveg heim og saman við þá skilgreiningu fremur en skúlptúrar listakonunnar sem reyndar eru ekki á þessari sýningu.

Forsendur rýmisins og hugmyndafræðilegar skírskotningar

Þeir listamenn sem tilheyra síðarnefnda hópnunum eru t.d. Tumi Magnússon sem skírir verk sín afhjúpanði nöfnum líkt og Erla. Enn fremur er þar um að ræða listamenn sem hugsa verk sín út frá forsendum rýmisins líkt og Ráðhildur Ingadóttir gerir með því að vinna beint á vegginn og Kees Visser og Haraldur Jónsson hafa gert á meira afgerandi hátt en hér. Afstaða Daniels Þorkels Magnússonar og Ingu Þóreyjar Jóhannsdóttur hefur vissulega hugmyndafræðilega og jafnvel bókmenntalega skírskotun, en nálgun þeirra er umfram það hómorísk, líkt og hjá Tuma.

Áherslumunur sjötta og tíunda áratugar

Það er e.t.v. þessi kaldhæðni sem einkennir hin óhlutbundnu en þó hlutveruleikavísandi verk þessara listamanna. Skilin á milli formrænna forsendna og hugmyndafræðilegra eru oft óglögg eins og fyrr er getið, en þessi sýning birtir á skýran hátt áherslumun á milli abstrakts sjötta áratugarins og þess tíunda. Sá áherslumunur liggur ekki hvað síst í því að rýmið er virkjað sem hluti verkanna, en einnig í því að í stað kaldrar fagurfræði formanna er komin hómorísk skírskotun til margræðs hlutveruleikans. Annað mál er hvort ekki sé kominn tími til að víkka sjónhring gesta safnsins með því að bjóða upp á sýningu á sjaldséðari verkum meiri huldumanna en hér um ræðir.

Magnús Þorláksson

Magnús Þorláksson húsgagnasmíðameistari, Flókaötu 62, Reykjavík, er sjötugur í dag.

Starfsferill

Magnús fæddist að Ytra-Álandi í Þistilfirði en ólst upp á Svalbarði í Þistilfirði. Hann stundaði nám við Héraðsskólann á Laugarvatni, lærði húsgagnasmíði hjá Ófeigi Ólafssyni, lauk sveinsprófi í iðninni og prófi frá Iðnskólanum í Reykjavík og óðlaðist síðan meistarábréfi í greininni.

Fjölskylda

Börn Magnúsar eru Ívar, f. 14.8. 1948, tækniþráðingur í Kópavogi, kvæntur Arnheiði Sigurðardóttur hjúkrunarfræðingi og eiga þau tvö börn, auk þess sem Ívar á þrjú börn frá fyrra hjónabandi; Margrét, f. 4.9. 1951, tölvuritari í Svíþjóð, en hún á einn son, Magnús; Vilhjálmur, f. 23.4. 1959, tækniþráðingur í Svíþjóð, kvæntur Ann Marie Magnússon gjaldkera.

Hálfystur Magnúsar, sammæðra, voru Sigríður, f. 2.3. 1911, húsmóðir í Reykjavík; Aðalbjörg, f. 26.11. 1912, d. 9.11. 1914.


Alsystkini Magnúsar: Jón Erlingur, f. 27.10. 1926, tryggingafræðingur í Kópavogi; Sigtryggur, f. 5.10. 1926, b. á Svalbarði; Stefán Þórarinn, f. 28.9. 1930, búfræðikandidat og kennari við MA; Vilhjálmur, f. 27.7. 1933, byggingaverkfræðingur, búsettur í Garðabæ.

Foreldrar Magnúsar voru Þorlákur Stefánsson, f. 28.8. 1892, d. 1969, bóndi á Ytra-Álandi og Svalbarði, og Þuríður Vilhjálmisdóttir, f. 21.5. 1889, d. 1981, húsfreyja og kennari.

Ætt

Þorlákur var sonur Stefáns, b. á Efri-Hólum í Núpasveit, Þórarinsonar og Guðmundu Þorlákssdóttur.

Þuríður var systir Aðalbjargar, móðurömmu Steingríms J. Sigfússonar, fyrrv. ráðherra. Þuríður var dóttir Vilhjálm, b. á Skálum og í Ytri-Brekkum á Langanesi, Guðmundssonar. Móðir Þuríðar var Sigríður, systir Árna, langafa Björns Teitssonar, skólameistara á Ísafirði, Ara Teitssonar, formanns Bændasamtakanna, og Árna Harðarsonar söngstjóra. Sigríður var dóttir Davíðs, b. á Heiði í Sauðaneshreppi, Jónssonar og Þuríðar, systur Jóns á Skútustöðum, langafa



Magnús Þorláksson.

Þórs Vilhjálmssonar, fyrrv. hæstaréttardómara, Jónasar Jónssonar, fyrrv. búnaðarmálastjóra, og Hjálmars Ragnarssonar tónskálds. Þuríður var dóttir Árna, b. á Sveinsströnd í Mývatnssveit, bróður Kristjönu, móður Jóns Sigurðssonar, alþm. á Gautlöndum, ættföður Gautlandaættarinnar.

Magnús tekur á móti gestum í Kornhlöðunni, laugardaginn 15.4., frá kl. 16.00-18.00.

Til hamingju með afmælið 11. apríl

75 ára

Vilhelmina Sigurjónsdóttir, Austurbrún 6, Reykjavík.

70 ára

Kristrún Bjarnadóttir, Bröttukinn 13, Hafnarfirði. Jón Þórarinn Sveinsson, Smáraflöt 8, Garðabæ.

60 ára

Unnur Jóhannsdóttir, Fornósi 12, Sauðárkrúki. Eiginmaður hennar er Axel Júlíusson bifreiðarstjóri.

Í tilefni afmælisins og fermingar sonarsonar, Ingimars Axels Gunnarssonar, taka þau á móti ættingjum og vinum á Hótel Varmahlíð sumardaginn fyrsta, þann 20.4. nk., eftir kl. 17. Ingibjörg Kristín Gísladóttir, Borgarvegi 24, Njarðvík. Arngrímur Kristinsson,



Miðtúni, Dalvík. Erna Bergþóra Einarsdóttir, Fannborg 3, Kópavogi. Ástríður Arngrímsdóttir, Sogavegi 174, Reykjavík. Bergljót Jónatansdóttir, Grundartanga, Skilmannahreppi. Margrét Sigfúsdóttir, Þórustöðum II, Eyjafjarðarsveit. Guðlaugur Þórir Nielsen, Víðimel 59, Reykjavík. Ingvaldur K. Karlsdóttir, Lindarholti I, Snæfellsbæ.

50 ára

Ólafur Pétursson, Kringlunni 23, Reykjavík. Magnús Davíðsson, Hábergi 8, Reykjavík. Sólvéig Jónasdóttir, leiðbeinandi við félagsstarf aldraðra, Tjarnarlundi 12 E, Akureyri. Sólvéig verður heima með heitt á könnunni. Jóhanna Árnadóttir, Snorrabraut 79, Reykjavík. Hans Roland Löf, Súlfunesi 13, Garðabæ.



Sigríður Kristófersdóttir, Móðrufelli 5, Reykjavík. Hrefna Gunnsteinsdóttir, Ketu, Skeflesstaðahreppi. Jónas Hannesson, Skólalröð 5, Kópavogi. Kristín Haraldsdóttir, Brekkugötu 5, Hafnarfirði. Sólrún Magnúsdóttir, Ölduslóð 11, Hafnarfirði.

40 ára

Guðný Gunnarsdóttir, Alfheimum 48, Reykjavík. Regina Guðrún Arngrímsdóttir, Vallagerði 2, Kópavogi. Rán Gísladóttir, Reykjabraut 20, Þorlákshöfn. Eiginmaður hennar er Halldór Rafn Ottósson stýrimaður. Þau taka á móti gestum í Kiwanishúsinu í Þorlákshöfn á morgun, 12.4., eftir kl. 20. Jóhann Vilhjálmsson, Hrisateigi 3, Reykjavík. Sigrún Pálsdóttir, Einigrund 11, Akranesi. Jón Gunnar Sigurðsson, Sværthömrum 54, Reykjavík. Björg Friðjónsdóttir, Hjallalundi 7 F, Akureyri. Inga Ingólfssdóttir, Langagerði 112, Reykjavík.